

Ed.

117. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að flytja út hrafntinnu og selja hana á erlendum markaði.

Flm.: Pétur Magnússon.

1. gr.

Frá gildistöku laga þessara til ársloka 1940 veitist Agli Árnasyni, kaupmanni í Reykjavík, einkaleyfi til þess að flytja út úr landinu og selja á erlendum markaði hrafntinnu og aðrar svipaðar bergtegundir, sem notaðar eru til þess að húða með steinbyggingar.

2. gr.

Einkaleyfishafa ber að greiða til ríkissjóðs þrjár krónur í útflutningsgjald af hverri smálest ofannefndra bergtegunda, sem hann kann að flytja út.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur er öllum öðrum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnu þessu ári, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, og vísað til greinargerðar fyrir því.